


Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn) 148. löggjafarþing 2017-2018. Þingskjal 42 — 42. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
Framkvæmdastjóri.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn)

148. löggjafarþing 2017-2018.

Þingskjal 42 — 42. mál.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Þá hefur félagið mikla og langa reynslu af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks. Ábendingar og athugasemdir félagsins miða að úrbótum, þar sem hagsmunir stjórnvalda og þeirra einstaklinga sem í hlut eiga fara að öllu jöfnu saman.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn á Íslandi hefur um árabil mælt fyrir bættri móttöku fylgdarlausra barna sem hingað koma til lands. Hefur Rauði krossinn lagt þunga áherslu á að fylgdarlaus börn deili ekki húsnæði með fullorðnum einstaklingum, að sérþjáfað starfsfólk gæti að öryggi barnanna og að grunnþarfir þeirra séu tryggðar. Rauði krossinn hefur bent á að allt of langur tími líði frá því að börn sækja um alþjóðlega vernd þar til að þeim er komið fyrir í búsetuúrræðum á vegum barnaverndaryfirvalda og í ákveðnum tilvikum dvelji fylgdarlaus börn í marga mánuði í húsnæði þar sem ekkert eftirlit er haft með þeim. Rauði krossinn fagnar því frumvarpi þessu og telur það geta orðið mikið framfaraskref til að bæta aðbúnað fylgdarlausra barna hér á landi. Þá telur Rauði krossinn að ákveðið hagræði felist í því að vista öll fylgdarlaus börn á sama móttökuheimili þar sem ákveðin þjónusta og umönnun er til staðar.

Rauði krossinn telur mikilvægt að fylgdarlausum börnum séu í lögum tryggð virkniúrræði á borð við skólagöngu, íþrótt- og tómstundaiðkun sem og almenna lífsleiknifræðslu. Allt of mörg dæmi eru um að fylgdarlaus börn séu hér á landi mánuðum saman án nokkurrar virkni en þessum hópi hefur hingað til ekki verið tryggð menntun, þrátt fyrir ákvæði laga um annað.

Rauði krossinn bendir á að í lögum um útlendinga er ekki að finna heimild fyrir barnaverndaryfirvöld til að miðla upplýsingum. Rauði krossinn telur nauðsynlegt að bæta við slíkri heimild og leggur til að á eftir orðunum „Þjóðskrá Íslands“ í 1. másl. 1. mgr. 17. gr. laganna komi: *Barnaverndarstofu, barnaverndarnefndum.*

Skortur á umræddri heimild hefur tafið málsmeðferð og leitt til þess að hvorki Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála né talsmaður barns hefur getað aflað gagna frá barnaverndaryfirvöldum sem þó geta haft lykilorðið við úrlausn máls.



Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

4. gr.

Rauði krossinn leggur áherslu á að hagsmunir barna séu ávallt hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku í málum þeirra og að einstaklingsbundið mat fari fram á þörfum þeirra í hverju tilviki fyrir sig. Þá leggur Rauði krossinn áherslu á að afar góð reynsla sé af því að koma fylgdarlausum börnum fyrir hjá fósturfjölskyldu á meðan á málsmeðferð stendur, enda sýnir reynslan að málsmeðferð í málum þessara barna á það til að dragast verulega á langinn. Rauði krossinn telur því nauðsynlegt að litið verði á móttökuheimili sem skammtímaúrræði og að einungis skuli vista börn á móttökuheimili á meðan ekki hefur tekist að útvega fósturfjölskyldu.

Rauði krossinn telur mikilvægt að kveðið sé skýrt á um það í lögum hvenær fylgdarlausu barni er komið fyrir á móttökuheimili en Rauði krossinn leggur áherslu á að börnum sé komið fyrir á móttökuheimili um leið og umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram í stað þess að bíða þar til niðurstaða aldursgreiningar liggur fyrir. Er það í samræmi við þá meginreglu að einstaklingur sem kveðst vera yngri en 18 ára skuli vera meðhöndlaður sem slíkur á meðan gögn málsins sýna ekki fram á annað. Þá leggur Rauði krossinn áherslu á að mögulegt verði að framlengja dvöl fylgdarlausra barna á móttökuheimili sem ná 18 ára aldri áður en málsmeðferð umsóknar um alþjóðlega vernd lýkur.

Í 4. mgr. greinarinnar kemur fram að móttökuheimili barna skuli hafa tengsl við leikskóla, skóla, heilsugæslu eða aðra opinbera starfsemi. Rauði krossinn telur ekki vænlegt að vista fylgdarlaus börn á leikskólaaldri á móttökuheimili sem að meginstefnu er sniðið að þörfum barna á táningsaldri. Yngri börnum þyrfti að finna stað á heimili á vegum barnaverndar þar sem alla jafna er unnið með yngri börn og aðstaða er til staðar fyrir þennan aldurshóp.

5. gr.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að breytingum á 5. mgr. 28. gr. laganna sem orðast svo í núgildandi lögum:

Sá sem tekur viðtal við barn skal hafa sérþekkingu á málefnum barna. Útlendingastofnun er heimilt að kveðja sérfræðing í málefnum barna sér til aðstoðar.

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er lagt til að seinni málsliður málsgreinarinnar verði felldur út. Rauði krossinn ítrekar mikilvægi þess að ákvæði þess efnis að Útlendingastofnun sé heimilt að kveðja til sérfræðing í málefnum barna sér til aðstoðar verði ekki felld út úr lögum. Útlendingastofnun hefur, með skírskotun til þessarar heimildar, hafið samvinnu við Barnahús þar sem öll viðtöl við fylgdarlaus börn fara nú fram sem og einstaka viðtöl við börn í fylgd. Mjög góð reynsla er af þessu samstarfi og telur Rauði krossinn mikilvægt að efla það og styrkja enn frekar.

Lokaorð

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta allsherjarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir, ábendingar og tillögur félagsins enn frekar.

